



Skýrsla til Svæðisstjóra Óðinssvæðis, apríl 2015

Félagar í Kiwanisklúbbnum Drangey eru í dag 23. Í upphafi starfsárs sögðu tveir félagar sig úr klúbbnum. Í janúar voru teknir inn þrír nýjir félagar og því raunfjöldgun um einn, en von er á þremur í viðbót sem hafa verið í einskona aðlögun í vetur.

Á starfsárinu hafa verið haldnir 13 stjórnarfundir, 11 klúbbfundir og 3 vinnufundir. Í desember var jólafundur og í febrúar þorrafundur (Þorablót) Umdæmisstjórinn Gunnlaugur Gunnlaugsson ásamt eiginkonu og fjórum Skjálfandafélögum heiðruðu okkur þá með nærveru sinni. Aðrir gestir hafa verið nær 40. Mæting á fundum hefur verið 27 %. Klúbbfélagar mættu á Svæðisráðstefnu á Akureyri og hafa farið í heimsóknir í aðra klúbba. Það eru samtals 34 heimsóknir. Ræðumenn hafa verið á tveimur fundum. Á hinn fyrri kom Hildur Magnúsdóttir ferðamálafrömuður og kynnti fyrir klúbbfélögum sína framtíðarsýn á möguleika í ferðaþjónustu í Skagafirði. Á seinni fundinn kom Þorsteinn Þorsteinsson yfirlæknir Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á Sauðárkróki. Að þeim fundi loknum var farið í heimsókn á stofnunina.

Styrkir sem klúbburinn hefur veitt á árinu eru að upphæð kr; 19.008.600. Þar af eru þrír styrkir sem hafa verið veittir vegna veikinda, samtals að upphæð kr; 500.000.

Meginverkefni klúbbsins á þessu starfsári hefur verið að fjármagna kaup á ristil- og magaspeglunartæki sem kostaði kr; 18.508.600. Tækið var svo afhent Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki og um það gerður samningur, þannig að tækið verður ekki flutt þaðan nema með sérstöku samkomulagi við klúbbinn. Í framhaldi verður svo öllum sem verða 55 ára á þessu ári og næstu fjórum árum boðin speglun sem klúbburinn mun kosta. Í tilefni afhendingarinnar var efnt til mikillat hátíðar, "Mottumars" í Miðgarði 7. mars s.l. Ásamt Kiwanisklúbbnum Drangey komu að þessari hátíð, kvenfélög sem sáu um veitingar og kórar sem sáu um skemmtiatriði. Þar komu einnig fram Ásgeir Bøðvarsson, meltingasérfræðingur, Friðbjörn Sigurðsson, krabbameinslæknir og Inga Margrét Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur og voru með fyrirlestra.

Önnur verkefni sem klúbburinn kemur að er afhending reiðhjólahljálma til barna í fyrsta bekk grunnskóla í Skagafirði, þar sem sett er upp smá útihátíð og boðið í grill að afhendingu lokinni. Einnig eru afhentir hjálmar til barna í fyrstu bekkjum grunnskóla í Austur-Húnavatns-súslu og Húnaþingi vestra. Annað fast verkefni klúbbsins er að annast ásamt Sunddeild UMF Tindastóls Bikarmót í sundi, sem haldið er á Sauðárkróki 30. apríl ár hvert. Klúbburinn hefur séð um verðlaun til þátttakenda og annast veitingar í samsæti þar sem verðlaunaafhending fer fram.

Blönduósi 16. apríl 2015

Gunnar Sig. Sigurðsson, forseti Drangeyjar